

FUNDARBOÐ

**266. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar
verður haldinn Hjálmaklettur, fimmtudaginn 12. júní 2025 og hefst kl.
16:00**

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Kosningar skv. samþykktum Borgarbyggðar í júní ár hvert. Kosið er um eftirfarandi embætti:

1. Kosning forseta sveitarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs.
2. Kosning aðalmanna í byggðarráð til eins árs.
3. kosning varamanna í byggðarráð til eins árs.
4. Kosning fimm fulltrúa á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi til eins árs og fimm til vara.

2. 2502016 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 710: "Kynnt tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2025 og fjárfestingarramma 2025-2028. Til fundarins kemur Eiríkur Ólafsson fjármálastjóri Borgarbyggðar.

Framlögð tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2025 sem felur í sér hækkun um 8,7 m.kr. sem skiptist svona; styrkir til íþróttafélaga 6,0 m.kr., viðhald Vatnsveitu Varmalands 1,5 m.kr. og hækkun afskrifta um 1,2 m.kr. Einnig er lögð fram hækkun á framkvæmda- og fjárfestingaráætlun um 194,3 m.kr. Það skýrist að hluta af hækkun á ramma vegna framkvæmda sem ekki var lokið við 2024 og færast á milli ára, svo sem við Grunnskólann í Borgarnesi, Safnahúsið, lýsingu á leið í Einkunnir og stofnframlags til Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar. Þá eru framkvæmdir við Vallarás færðar inn á framkvæmdaáætlun 2025, upphaf vinnu við sjóvarnir, endurbætur á Klettaborg og fjallgirðing með Múlum. Gatnagerð við Bröttugötu færist til ársins 2026.

Samþykkt samhljóða að vísa viðauka til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn."

3. 2206037 - Sumarleyfi sveitarstjórnar

Lagt er til að við sveitarstjórn að fella niður fund sveitarstjórnar í júlí vegna sumarleyfa. Fyrsti fundur eftir sumarleyfi verði 15. ágúst nk. Lagt er til við sveitarstjórn að nefndir hafi heimild til þess að funda ekki í júlí nema nefndarritari og formaður telji ekki unnt að fella niður fund vegna afgreiðslu mála. Lagt er til að byggðarráði verði heimilað að

fækkað fundum sínum í júlí, þó þannig að tveir fundir verði haldnir í mánuðinum.

Sveitarstjórn samþykkir að fella niður fund sveitarstjórnar í júlí vegna sumarleyfa. Fyrsti fundur eftir sumarleyfi verði 15. ágúst 2024. Sveitarstjórn samþykkir að nefndir hafi heimild til þess að fella niður fundi í júlí nema nefndarritari og formaður telji ekki unnt að fella niður fund vegna afgreiðslu brýnna mála. Sveitarstjórn samþykkir að byggðarráði verði heimilað að fækka fundum sínum í júlí niður í tvo.

Sveitarstjórn samþykkir að veita byggðarráði fullnaðarafreiðsluvald skv. 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 til og með 14. ágúst 2024.

4. 1810002 - Félagslegt leiguhúsnæði

Afgreiðsla frá 709. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti afgreiðslu velferðarnefndar og vísar til staðfestingar í sveitarstjórn."

5. 2506063 - Skilabréf og álit samstarfsnefndar - sameining við Skorradalshrepp

Lagt fram skilabréf Samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps dags. 10. júní ásamt fylgiskjöllum. Skv. 2. mg. 119. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn taka málið á dagskrá án atkvæðagreiðslu. Í skilabréfinu kemur fram að samstarfsnefndin kom saman á 10 bókuðum fundum. Samstarfsnefnd skipaði starfshópa sem fjölluðu um málaflokka sveitarfélaganna og lögðu fram efni og upplýsingar í greiningu og tillögugerð. Verkefnið hefur einnig verið kynnt á íbúafundum með virku samtali við íbúa.

Álit samstarfsnefndar er svohljóðandi:

"Sveitarfélögin tvö hafa átt í farsælu samstarfi til áratuga og getur sameining þeirra skapað tækifæri til skilvirkari og markvissari stjórnsýslu og þjónustu, auk þess sem aðgengi íbúa að þjónustu verði jafnara. Þá eru jafnframt tækifæri til frekari atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Vísbendingar eru um að fjárhagur sameinaðs sveitarfélags verði sterkur og fjárfestingargeta þess betri en hjá sveitarfélögunum hvoru um sig. Sérstök sameiningarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næstu árum myndu auka svigrúm til fjárfestinga í sameinuðu sveitarfélagi en nokkur óvissa er um áhrif sameiningar á tekju- og útgjaldajöfnunarframlög vegna fyrirhugaðra breytinga á úthlutunarreglum. Ef sameining leiðir til lækkunar munu sveitarfélögin þó halda óskertum framlögum í fjögur ár.

Að mati samstarfsnefndar lúta áskoranir sameinaðs sveitarfélags fyrst og fremst að mismunandi skatthlutföllum sveitarfélaganna og áhyggjum hluta íbúa Skorradalshrepps af því að missa áhrif á ákvarðanir í nærumhverfi sínu. Tækifæri liggja helst í að bæta þjónustu við íbúa beggja sveitarfélaga, auka fjárfestingagetu og auka slagkraft í hagsmunagæslu fyrir svæðið, s.s. í samskiptum við ríkið um innviðauppbýggingu og þjónustu hins opinbera.

Það er samdóma álit samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu þeirra. Samstarfsnefnd telur að sameining muni hafa fleiri kosti í för með sér en ókosti fyrir íbúa og að henni fylgi tækifæri sem annars stæðu sveitarfélögunum ekki til boða".

6. 2506065 - Kynning á tillögu samstarfsnefndar - sameining við Skorradalshrepp

Í skilabréfi dagsettu 10. júní 2025 leggur samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps til að henni verði falið að kynna tillögu um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps og helstu forsendur hennar fyrir íbúum

sveitarfélaganna, sbr. 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

7. 2506066 - Skipun kjörstjórnar - sameining við Skorradalshrepp

Í skilabréfi dagsettu 10. júní 2025 bendir samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps á að sveitarstjórnir sveitarfélaganna skulu kjósa sameiginlega kjörstjórn fyrir væntanlegar íbúakosningar um sameiningu eftir nánara samkomulagi þeirra skv. 5. gr. reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga. Miða skal við að hvert sveitarfélag hafi a.m.k. einn fulltrúa í kjörstjórn og að fjöldi nefndarmanna sé oddatala. Samstarfsnefnd leggur til að kjörstjórn verði skipuð fimm fulltrúum, þremur frá Borgarbyggð og tveimur frá Skorradalshreppi og jafn mörgum til vara.

8. 2506064 - Tímasetning íbúakosninga - sameining við Skorradalshrepp

Í skilabréfi dagsettu 10. júní 2025 leggur samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps til að atkvæðagreiðsla um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna hefjist þann 5. september 2025 og verði lokið þann 20. september 2025.

9. 2506058 - Kosningaaldur - sameining við Skorradalshrepp

Kosningaaldur vegna kosningar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

10. 2505266 - Leitir og réttir 2025

Afgreiðsla frá fundi Fjallskilanefnar Oddstaðaréttar nr. 53: "Fjallskilanefnd Oddstaðaafréttar óskar eftir heimild til að flýta fyrri leit haustið 2025. Fyrri leit verði þriðjudaginn 2. september og fyrri Oddstaðarétt miðvikudaginn 3. september. Óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórnar og að sveitarstjórn leggi tillöguna fyrir stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps til ákvörðunar.

Ástæður beiðinnar eru einkum þær að fjárhagslega getur verið mun hagstæðara fyrir bændur að fá fé sitt fyrr heim þar sem töluverður munur er á álagsgreiðslum milli vikna í september. Einnig telja bændur allar líkur á því að gróður verði farinn að falla á þeim tíma sem réttir eru samkvæmt skipulagi og þar af leiðandi hætta á stöðnun í vexti lamba. Allir bændur sem reka fé á afrétt eru einhuga um að færa smalamennskur auk þess sem enginn aðili sem þarf að leggja til mannskap í leitir setur sig á móti breytingunum. Seinni leitir og réttir haldist óbreyttar.

11. 2505071 - Leyfi fyrir hátíðarhöldum við Hjálmaklett og götulokunum 28. júní 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 707: "Framlögð beiðni frá Hinsegin Vesturland og Hollvinasamtökum Borgarness um að leyfi fyrir götulokunum, lokunum bílastæða og leyfi til að halda skemmtidagskrá við Hjálmaklett 28. júní næst komandi vegna hátíðarhalda Hinseginhátíðar Vesturlands og Brákarhátíðar.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að samþykkja beiðni Hinsegin Vesturlands og Hollvinasamtaka Borgarness um tímabundna lokun fyrir almenna umferð um hluta Borgarbrautar og Brákarbraut, skemmtidagskrár við Hjálmaklett og tímabundna lokun bílastæða meðan á hátíðarhöldum stendur. Aðstandendur hátíðanna vinna greinilega af miklum metnaði og eftirvænting er að byggjast upp fyrir fjölbreyttri dagskrá. Byggðarráð vonast eftir góðri þátttöku bæjarbúa og gesta."

12. 2309287 - Beiðni frá Golfklúbbi Borgarness um stuðning

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 707: "Gerð tillaga um að fallið verði frá sérstakri samningsgerð við Golfklúbbinn. Lagt er til að veittur verði rekstrarstyrkur til klúbbsins líkt og á liðnu ári, sem renna mun t.d. til viðhalds mannvirkja.

Byggðarráð samþykkir að vísa til viðauka í fjárhagsáætlun 2025 að veittur verði rekstrarstyrkur að fjárhæð 6,0 m.kr. til Golfklúbbs Borgarness."

13. 1912083 - Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Bjargslandi

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 707: "Vinna við gatnagerð í nýju hverfi í Bjargslandi stendur yfir og framundan fyrsta auglýsing og úthlutun lóða. Nafngift gatna í hverfinu tekin til umræðu í byggðarráði.

Byggðarráð samþykkir að götuheiti verði eftirfarandi; Fjóluklettur, Fífuklettur, Birkiklettur og Kveldúlfshöfði."

14. 2503353 - Göngustígar - Verðfyrirspurn

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 709: "Farið yfir tillögur að stígum við Borgarnes og í átt að Hamri. Verðfyrirspurnargögn lögð fram.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að ljúka hönnun á stíg milli þéttbýlisins í Borgarnesi og Hamars, leita tilboða í verkið í framhaldinu og kynna fyrir byggðarráði. Mikilvægt er að vinnan verði í góðu samstarfi við Vegagerðina."

15. 1810002 - Félagslegt leiguhúsnæði

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 709: "Á fundi velferðarnefndar þann 27.05.25 var farið yfir þær breytingar sem gerðar voru á húsaleigu félagslegra íbúða í Borgarbyggð árið 2022. Í reglum um úthlutun félagslegra íbúða kemur fram að húsaleiga sé bundin vísitölu neysluverðs og breytist því í samráði við hana. Sveitastjórn getur einnig tekið ákvörðun um breytingu á leigufjárhæð og taka þá breytingar gildi á þeim tíma sem mælt er fyrir um í ákvörðun sveitastjórnar. Þar sem húsaleiga hefur ekki hækkað síðan í maí 2023 nemur hækkunin um 7,8% skv. vísitölu neysluverðs (miða við 1. okt 2024). Lagt er til að þessi hækkun taki gildi 01.07.25. Einnig er lagt til að sveitastjórn taki árlega ákvörðun um hækkun á húsaleigu, eða í október ár hvert. Bókun velferðarnefndar var eftirfarandi: Velferðarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti hækkun á húsaleigu er nemur vísitölu neysluverðs. Einnig samþykkir nefndin að árleg hækkun sé 1. október ár hvert. Erindi vísað til byggðarráðs til staðfestingar.

Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti afgreiðslu velferðarnefndar og vísar til staðfestingar í sveitarstjórn."

16. 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrif

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 710: "Í framhaldi af afgreiðslu á 709. fundi byggðarráðs er kynnt nýtt verkfirlit vegna yfirstandandi niðurrifs á fyrsta áfanga. Jafnframt kynnt drög að fyrirkomulagi niðurrifs á öðrum áfanga, sem væru þá burstir gamla sláturhússins.

Framlögð kostnaðaráætlun um niðurrif á þremur burstum gamla sláturhússins í Brákarey þar sem verkinu hefur verið skipt í tvo áfanga. Einnig upplýst að við niðurrif á fyrsta áfanga hefur mun meira magn farið í urðun heldur en áætlað var í niðurrifsaáætlun vegna mikillar einangrunarblöndunar í steypu og mikillar magnaukningar í asbesti. Byggðarráð

felur sveitarstjóra að láta fara fram verðfyrirspurn í báða áfanga við niðurrif á burstum gamla sláturhússins. Ekki er fyrirjáanlegt að kostnaður við verkið verði umfram ramma í fjárfestingaráætlun.

Samþykkt með tveimur atkvæðum (GLE, DS) en einn fulltrúi greiddi atkvæði á móti (SG).

Framlögð bókun frá Sigurði Guðmundssyni: "Ég fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Byggðaráði Borgarbyggðar tel að það sé ekkert sem knýi á um að nauðsynlegt sé að ráðast í niðurrif, á þessum tímapunkti, á aðalbyggingu gamla sláturhússins í Brákarey oft kallað burstirnar þrjár. Í því samhengi vil ég benda á að staðan í rekstri Borgarbyggðar er með þeim hætti að allt útlit er til þess að reksturinn verði í járnnum á árinu 2025. Það þýðir að allar framkvæmdir sem unnið er að á árinu 2025 verða fjármagnaðar með lántökum. Það er því mjög mikilvægt að forgangsraða framkvæmdum á þann hátt að ekki verði ráðist í framkvæmdir, nema brýn nauðsyn kallar á að ráðist verði í, eða nýttast að litlu eða engu leiti fyrir íbúa sveitarfélagsins. Það er á engan hátt hægt að halda því fram að niðurrif á burstunum þremur sé nauðsynleg framkvæmd, ástand hússins er með þeim hætti að það kallar ekki á tafarlaust niðurrif. Niðurrif á þessum tímapunkti hefur ekki nein áhrif á þau áform sem hafa verið uppi um uppbyggingu í eyjunni. Meirihluti Framsóknarflokksins ætti frekar að beina sjónum sínum og krafti í að ljúka samningum um uppbyggingu í eyjunni og leysa úr þeirri óvissu sem meirihlutinn hefur skapað eigendum fasteigna og atvinnurekenda í eyjunni. Þessa óvissu hefur meirihluti Framsóknarflokksins skapað með ómarkvissum vinnubrögðum og óhóflegum drætti á niðurstöðu í málefnum sem tengjast Brákarey."

17. 2505074 - Samningsgerð um rekstur tjaldsvæðis í Borgarnesi

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 710: "Framlagður samningur við ÁS rekstur og þjónusta ehf. um rekstur tjaldsvæðisins í Borgarnesi.

Byggðarráð samþykkir samhljóða framlagðan samning fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar."

18. 2501035 - Umgjörð leikskóla hjá Borgarbyggð

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 710: "Afgreiðsla frá 243. fundi fræðslunefndar Borgarbyggðar: "Sviðsstjóri fjölskyldusviðs fer yfir minnisblað um tillögur að breytingum á umgjörð leikskóla í Borgarbyggð. Tillögurnar fela í sér að bæta umgjörðina þannig að veruleiki styttingar vinnuviku sé viðurkenndur inn í kerfið. Tillagan felur ekki í sér þjónustuskerðingu eða kostnaðarauka til foreldra. Væntingar eru um að tillögurnar muni bæta starfsaðstæður leikskóla í Borgarbyggð og þeir verði áfram eftirsóknarverðir vinnustaðir þar sem framúrskarandi og faglegt leikskólastarf fer fram. Fræðslunefnd samþykkir tillögurnar fyrir sitt leyti og einnig tillögur að uppfærðum verklagsreglum fyrir leikskóla. Málinu er vísað áfram til byggðarráðs til umræðu. Áður en málið fer til byggðarráðs er óskað eftir umsögnum frá skólastjórnendum og foreldraráðum leikskóla. Samþykkt samhljóða." Til fundarins kemur Hlökkver Ingi Gunnarsson, sviðsstjóri fræðslusviðs.

Byggðarráð styður heils hugar afgreiðslu fræðslunefndar og samþykkir fyrir sitt leyti framlagðar tillögur að skipulagi og breytingu á gjaldskrá leikskóla. Samþykkt að fela

sveitarstjóra að fullvinna tillögur að gjaldskrá. Samþykkt samhljóða að vísa til fullnaðarafreiðslu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

19. 2504088 - Staðan á leikskólum í Borgarnesi 2025 vor

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 710: "Framlögð kostnaðaráætlun vegna endurbóta og stækkunar á húsnæði Klettaborgar sbr. afgreiðslu 707. fundar byggðarráðs. Til fundarins undir þessum lið kemur Guðni Rafn Ásgeirsson umsjónarmaður fasteigna.

Byggðarráð samþykkir að hefja vinnu við uppsetningu á færanlegum kennslustofum við húsnæði Klettaborgar í samræmi við umræður á fundi.

Samþykkt samhljóða."

20. 2506024 - Val á listamanneskju Borgarbyggðar 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 710: "Farið yfir tilnefningar um listamanneskju Borgarbyggðar 2025. Þórunn Kjartansdóttir forstöðumaður menningarmála situr fundinn undir þessum lið.

Byggðarráð samþykkir val á listamanneskju Borgarbyggðar 2025 en valið verður gert opinbert 17. júní næstkomandi.

Samþykkt samhljóða."

21. 2504101 - Gjaldskrá úrgangspjónustu 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 710: " Umhverfis- og landbúnaðarnefnd leggur til við sveitastjórn að tillaga að gjaldskrá frá Íslenska Gámafélaginu á móttökustöðinni í Borgarnesi verði innleidd. Samhliða því verði komið á klippikortum fyrir fasteignaeigendur í sveitafélaginu með tiltekinni inneign og verður kostnaður við rekstur móttökustöðvarinnar áfram innheimtur með fasteignagjöldum. Stefnt er að því að innleiða rafrænt klippikort sem mun taka gildi 1.september á þessu ári. Umhverfis- og landbúnaðarnefnd vill árétta að þessar breytingar eru óhjákvæmilegar til að koma í veg fyrir að kostnaður vegna úrgangs annarra en fasteignaeigenda sveitarfélagsins falli á greiðendur fasteignagjalda í Borgarbyggð.

Málinu vísað til kynningar í byggðaráði og í kjölfarið til afgreiðslu í sveitarstjórn.

Byggðarráð samþykkir afgreiðslu umhverfis- og landbúnaðarnefndar og vísar til staðfestingar í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

22. 2506004 - Ársfundur Brákar íbúðafélags 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 710: "Framlagt boð á ársfund Brákar íbúðafélags hses 11. júní 2025.

Framlagt og sveitarstjóra falið að mæta fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða."

23. 2501033 - Skóladagatöl fyrir leik-, grunn- og listaskóla Borgarbyggðar

Afgreiðsla frá fundi fræðslunefndar nr. 243: "Lögð er fram ósk leikskóla um viðbótar skipulagsdag vegna námsferðar.

Fræðslunefnd samþykkir að Andabær og Hnoðraból fái viðbótar skipulagsdag. Leikskólarnir munu birta uppfært skóladagatal.

Samþykkt samhljóða."

24. 2404320 - Hraunsás III - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - 204514

Afgreiðsla 77. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar skv. 32. gr. skipulagslaga 123/2010 fyrir sitt leyti. Breytingartillagan tekur til svæðis í landi Hraunsáss III (L204514). Samþykkt samhljóða."

25. 2411033 - Hraunsás - umsókn um deiliskipulag - 204514

Afgreiðsla 77. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagt deiliskipulag skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Samþykkt samhljóða."

26. 2302212 - Galtarholt 3 L135043 - Deiliskipulag

Afgreiðsla 77. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "kipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja til auglýsingar tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir hjólhýsabyggð í Galtarholti 3. Lagður er fram uppdráttur dags. 20.12.2024. Deiliskipulagsbreyting er gerð samhliða. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða."

27. 2301040 - Stuttárbotnar - Húsafell 3 L134495 - Deiliskipulag

Afgreiðsla skipulags- og byggingarnefndar nr. 74: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja til auglýsingar tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Stuttárbotna í Húsafelli. Lagður er fram uppdráttur dags. 18.02.2025. Málsmeðferð

verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Samþykkt samhljóða."

28. 2502294 - Krumshólapartur 2_Umsókn um deiliskipulag

Afgreiðsla 77. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd bendir á að einungis er heimilt að vera með útleiguhús þar sem er föst búseta. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja til auglýsingar tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Krumshólapart 2 með þeim fyrirvara að fyrirbyggjandi sé undirritað samþykki landeiganda aðliggjandi lands varðandi heimild til að aðkoma að svæðinu liggi að hluta til á hans landi. Lagður er fram uppdráttur dags. 30.05.2025. Málsmeðferð verður samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Samþykkt samhljóða."

29. 2402234 - Jarðlangsstaðaland - Langárbyrgi L177317 - Nýtt deiliskipulag

Afgreiðsla 77. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagt deiliskipulag skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru eftir kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum.
Samþykkt samhljóða."

30. 2505248 - Vesturhluti Tvídægru og Hellistungur - stofnun fasteignar (þjóðlendu)

Afgreiðsla 77. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnuð verði fasteign um þjóðlenduna á vesturhluta Tvídægru og Hellistungum.
Samþykkt samhljóða."

31. 2505117 - Austurhluti Langavatnsdals - stofnun fasteignar (þjóðlendu)

Afgreiðsla 77. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnuð verði fasteign um þjóðlenduna í austurhluta Langavatnsdals.
Samþykkt samhljóða."

32. 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími

Afgreiðsla 77. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja svör við athugasemdum og ábendingum Skipulagsstofnunar og þær lagfæringar sem gerðar eru á tillögu endurskoðunar aðalskipulags eftir kynningartíma.
Samþykkt samhljóða."

33. 2505108 - Aðalfundur Faxaflóahafna, mið. 4. júní kl. 15

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 708: "Framlagt boð á aðalfund Faxaflóahafna sem fram fer miðvikudaginn 4. júní 2025.

Framlagt og sveitarstjóra falið að mæta á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins. Sveitarstjóri upplýsti að í undanfara fundarins hefði hann ítrekað gagnvart formanni stjórnar og forstjóra Faxaflóahafnar sjónarmið um að fjármagnsskipan Faxaflóahafna yrði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að beinn ávinningur eigenda yrði meiri, sbr. afgreiðslu byggðarráðs Borgarbyggðar dags. 19. des 2024. Byggðarráð tekur

undir ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar í greinargerð B-hluta fyrirtækja í nýjum ársreikningi Reykjavíkurborgar en þar segir: „Mikilvægt er að halda áfram rýningu á fjármagnsskipan félagsins með hliðsjón af kröfum eigenda um arðsemi og eiginfjárhlutfalls. Að sama skapi er mikilvægt að félagið hafi á hverjum tíma getu til að greiða eigendum sínum eðlilegan arð af því fé sem bundið er í félaginu.“"

34. 2505154 - Aðalfundur MHR 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 709: "Framlagt fundarboð og fundargögn aðalfundar Miðstöðvar héraðsskjalasafna.

Framlagt og mætti Jóhanna Skúladóttir héraðsskjalavörður á aðalfundinn fyrir hönd Borgarbyggðar."

Fundargerð

35. 2505004F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 707

- 35.1 2504088 - Staðan á leikskólum í Borgarnesi 2025 vor
- 35.2 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks
- 35.3 2505071 - Leyfi fyrir hátíðarhöldum við Hjálmaklett og götulokunum 28. júní 2025
- 35.4 2505037 - Umsókn um lóð - Vallarás 10c og 12
- 35.5 2505018 - Hafnarfjall Ultra hlaupahátíðin
- 35.6 2503032 - Norðtungukirkjugarður - vegur og girðing
- 35.7 2505032 - Umsókn um nýtingarleyfi á grunnvatni í landi Steindórsstaða í Borgarfirði - beiðni um umsögn
- 35.8 2504064 - Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034
- 35.9 2309287 - Beiðni frá Golfklúbbi Borgarness um stuðning
- 35.10 2505064 - Fjárhagsáætlun 2026
- 35.11 2502016 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2025
- 35.12 2410048 - Safnahús og menningarmál 2025
- 35.13 2504108 - Mál til eigenda Orkuveitunnar
- 35.14 2505029 - Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2024
- 35.15 2501012 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2025
- 35.16 2503051 - Fundargerðir stjórnar SSV 2025
- 35.17 2504240 - Skipurit Borgarbyggðar
- 35.18 1912083 - Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Bjargslandi

36. 2505017F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 708

- 36.1 2505099 - Umsókn um lóð - Þrastarflöt 6
- 36.2 2505074 - Samningsgerð um rekstur tjaldsvæðis í Borgarnesi
- 36.3 2505111 - Endurnýjun vegna girðingar með Múlum
- 36.4 2502016 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2025
- 36.5 2505117 - Austurhluti Langavatnsdals - stofnun fasteignar (þjóðlendu)
- 36.6 2505104 - Opin leiksvæði í Borgarnesi, ástand, eftirlit og aðgerðir

- 36.7 2505108 - Aðalfundur Faxaflóahafna, mið. 4. júní kl. 15
- 36.8 2501012 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2025
- 36.9 2504064 - Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034

37. 2505025F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 709

- 37.1 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrið
- 37.2 2503353 - Göngustígar - Verðfyrirspurn
- 37.3 2505252 - Samfélagsbrúin
- 37.4 1810002 - Félagslegt leiguhúsnaði
- 37.5 2505229 - Upplýsingamiðlun og markaðssetning til ferðamanna
- 37.6 2505108 - Aðalfundur Faxaflóahafna, mið. 4. júní kl. 15
- 37.7 2505154 - Aðalfundur MHR 2025
- 37.8 2505041 - Rennsli í Vatnsveitu Varmalands
- 37.9 2505248 - Vesturhluti Tvídægru og Hellitungur - stofnun fasteignar (þjóðlendu)
- 37.10 2505074 - Samningsgerð um rekstur tjaldsvæðis í Borgarnesi

38. 2506001F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 710

- 38.1 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrið
- 38.2 2506009 - Beiðni um leyfi til uppsetningar á minningar platta
- 38.3 2505074 - Samningsgerð um rekstur tjaldsvæðis í Borgarnesi
- 38.4 2502016 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2025
- 38.5 2501035 - Umgjörð leikskóla hjá Borgarbyggð
- 38.6 2502295 - Kjarasamningar við Kennarasamband Íslands 2025
- 38.7 2506020 - Fyrirhuguð sala á fasteignum Háskólans á Bifröst
- 38.8 2504088 - Staðan á leikskólum í Borgarnesi 2025 vor
- 38.9 2506024 - Val á listamanneskju Borgarbyggðar 2025
- 38.10 2504101 - Gjaldskrá úrgangspjónustu 2025
- 38.11 2506017 - Samgönguáætlun 2026-2030 - Hafnir og sjóvarnir
- 38.12 2506004 - Ársfundur Brákar íbúðafélags 2025
- 38.13 2503097 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2025

39. 2505006F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 78

- 39.1 2504101 - Gjaldskrá úrgangspjónustu 2025
- 39.2 2505233 - Söfnun rúlluplasts 2025
- 39.3 2409080 - Umsóknir um styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða
- 39.4 1902120 - Slýdalstjörn til leigu
- 39.5 2505263 - Úrgangsmál - undirbúningur fjárhagsáætlunar 2026
- 39.6 2505030 - Gjaldskrár og samþykktir 2025 - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd

40. 2505024F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 160

- 40.1 2501057 - Trúnaðarbók 2025
- 40.2 1810002 - Félagslegt leiguhúsnaði
- 40.3 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð
- 40.4 2311278 - Gott að eldast
- 40.5 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitafélaga

41. 2505015F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 243

- 41.1 2501035 - Umgjörð leikskóla hjá Borgarbyggð
- 41.2 2504088 - Staðan á leikskólum í Borgarnesi 2025 vor
- 41.3 2503022 - Sumarlokun Hnoðraból
- 41.4 2502306 - Vinnuskóli 2025
- 41.5 2501036 - Starfsemi frístundar í Borgarbyggð
- 41.6 2411036 - Gjaldskrár fjölskyldusviðs 2025
- 41.7 2505020 - Framlög til verkefna á sviði almenningssamgangna
- 41.8 2505022 - Íslensku menntaverðlaunin 2025 - tilnefningar óskast
- 41.9 2501033 - Skóladagatöl fyrir leik-, grunn- og listaskóla Borgarbyggðar

42. 2505020F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 77

- 42.1 2404320 - Hraunsás III - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - 204514
- 42.2 2411033 - Hraunsás - umsókn um deiliskipulag - 204514
- 42.3 2412184 - Galtarholt 3_Umsókn um deiliskipulag
- 42.4 2302212 - Galtarholt 3 L135043 - Deiliskipulag
- 42.5 2301040 - Stuttárbotnar - Húsafell 3 L134495 - Deiliskipulag
- 42.6 2502294 - Krumshólapartur 2_Umsókn um deiliskipulag
- 42.7 2503334 - Umsókn um deiliskipulag
- 42.8 2505005 - Umsókn um deiliskipulag
- 42.9 2506031 - Deiliskipulag Flatahverfis á Hvanneyri - Hrafnaflöt
- 42.10 2402234 - Jarðlangsstaðaland - Langárbyrgi L177317 - Nýtt deiliskipulag
- 42.11 2504020 - Syðstu-Fossar - umsókn um framkvæmdarleyfi - 133909
- 42.12 2504047 - Gestsstaðir - umsókn um framkvæmdarleyfi - 198310
- 42.13 2505256 - Kaldármelar - Breyting á landnotkun
- 42.14 2505255 - Hítarneskot - Fyrirspurn um skipulagsmál
- 42.15 2501052 - Stækkun kirkjugarðs að Borg á Mýrum - Umsókn
- 42.16 2505028 - Fyrirspurn um skipulagsmál - Krauma
- 42.17 2504168 - Mávaklettur 2 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 42.18 2503170 - Sæunnargata 11 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 42.19 2505248 - Vesturhluti Tvídægru og Hellistungur - stofnun fasteignar (þjóðlendu)
- 42.20 2505117 - Austurhluti Langavatnsdals - stofnun fasteignar (þjóðlendu)
- 42.21 2506027 - Gjaldskrár og samþykktir 2025 - Skipulags- og byggingarnefnd

- 42.22 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími
- 42.23 2505012F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 55
- 42.24 2505028F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 56
- 42.25 2505029F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 243
- 42.26 2505030F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 244

10.06.2025

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.